

Fuglahundadeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2021

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 25. apríl 2022 í Síðumúla 15

Stjórn

Í stjórn sitja; Unnur A. Unnsteinsdóttir, Kristín Jónasdóttir, Atli Ómarsson, Bragi Valur Egilsson og Jón Ásgeir Einarsson. Tvö sæti eru laus í stjórn en Bragi Valur Egilsson og Jón Ásgeir Einarsson hafa setið þau ár sem þeirra kosning náði til.

Fuglahundadeild er safndeild innan HRFÍ en deildinni tilheyrja; Bracco Italiano, Breton, Enskur Pointer, Gordon Setter, Korthals Griffon, Pudelpointer, Vizsla og Weimaraner.

Farið var í þá vinnu að fá tengiliði meira að borðinu með það að marki að finna hvað má gera betur í starfinu á árinu 2020. Sökum aðstæðna í þjóðfélaginu hefur lítið komið útúr þeirri vinnu ennþá á árinu 2021. Eftir sem áður þá búa tengiliðir tegunda yfir mikilvægri þekkingu um þarfir sinna tegunda og með þeirra aðkomu má gera starfið enn betra og hvetjum við þá til að hafa frumkvæði að frekari vinnu fyrir þeirra tegundir ef þurfa þykir. Eins og áður sagði var nánast allt starfsárið 2021 undirlagt af samkomutakmörkunum en það opnaðist smá gluggi yfir sumarmánuðina og aðeins fram á haustið 2021 sem var nýttur vel.

Unnið hefur verið eftir styrktarsamningi við Dýrheima sem er stærsti einstaki styrktaraðili deildarinnar og var það Kristín Jónasdóttir sem kom á þeim samningi fyrir okkar hönd. Samningurinn rennur út í lok árs 2022. Góðir styrktaraðilar eru mikilvægir til að geta haldið úti öflugum og góðu starfi og erum við þakklát þeirra framlagi.

Síðastliðið starfsár eins og árið þar á undan fór hægt af stað en þrátt fyrir erfitt árferði til samkoma var Ella próf haldið í mars og þá samsett sóknarpróf þar sem boðið var uppá meginlandspróf og hefðbundið próf, Áfangafellsprófið og meginlandspróf fyrir heiði, en veiðipróf eru þungamiðjan í starfsemi deildarinnar eins og verið hefur undanfarin ár. Skráning í gagnagrunn félagsins hefur einnig verið mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar og utanumhald þar um og hafa skráðir félagar sinnt því starfi. Á starfsárinu var samkomulagi sem verið hafði í gildi til margra ára með að deild FHD gæti fengið grunn upplýsingar úr kerfi HRFÍ til að keyra inn í grunn félagsins sagt upp einhliða af hálfu HRFÍ. Hefur stjórn FHD reynt ítrekað að fá frekari skýringar frá skrifstofu HRFÍ á ástæðu þess, en án árangurs og hefur ávallt verið vísað í að allar upplýsingar séu aðgengilegar á pappírformi á skrifstofu HRFÍ til að slá inn í grunn FHD. Stjórn FHD hefur óskað eftir fundi með stjórn HRFÍ og framkvæmdastjóra en stjórn HRFÍ hefur svarað því þannig að hægt sé að nálgast upplýsingar á pappírformi á skrifstofu HRFÍ. Ósk um fund hefur verið ítrekuð aftur við stjórn HRFÍ og beðið er svars.

Sóknarpróf

Sóknarpróf deildarinnar fór fram dagana 24. – 25. júlí og samanstóð af bæði meginlandshundaprófi og hefðbundnu sækiprófi. Dómari prófsins var Dag Teien frá Svíþjóð og prófstjórar Sigrún Hulda Jónsdóttir og Atli Ómarsson. Ágæt skráning var í prófið eða um 15 skráningar báða daga, þar af 8 skráningar í meginlandshundaprófið. Fulltrúi HRFÍ var Guðni Stefánsson.

Heiðapróf

Árlega Royal Canin próf deildarinnar sem haldið er á Auðkúluheiði fór fram dagana 17. – 19. september. Góð þátttaka var í prófið en samtals voru 15 skráningar á föstudeginum, 17 skráningar á laugardeginum og 9 skráningar á sunnudeginum í OF og UF. 6 skráningar í KF á sunnudeginum ásamt 5 skráningum í

alhliðapróf yfir próf. Dómarar prófs voru Mona Himo Aakervik, Guðjón Arinbjarnarson og Marius Aakervik. Mona Himo Aakervik dæmdi alhliðaprófið. Prófstjórar prófs voru Atli Ómarsson og Viðar Örn Atlason.

Meginlandspróf

Meginlandshunda heiðapróf var haldið helgina 16. og 17. október. Patrik Sjöström dæmdi prófið. Prófað var í unghunda- og opnum flokki. Dagana á undan 13.-15. október var haldið námskeið með Patrik Sjöström sem fram fór seinni part þessa daga og haldið við Sólheimakot. Hægt var að fara bara á námskeiðið. Þátttakendur greiddu sér fyrir námskeiðið inná reikning FHD. Almenn ánægja með námskeiðið og var þátttaka mjög góð.

Nefndir

Fræðslu- og göngunefnd	Endurskoðunarnefnd veiðiprófa	Veiðiprófanefnd	Sýninganefnd HRFÍ
Dagfinnur Smári Ómarsson	<u>Veiðiprófsreglur</u>	Atli Ómarsson	Eydís Elva Þórarinsdóttir
Einar Örn Rafnsson	Bragi Valur Egilsson	Dagfinnur Smári Ómarsson	
Jón Ásgeir Einarsson	Dagfinnur Ómarsson	Haukur Reynisson	
Viðar Örn Atlason	<u>Meginlandshundapróf</u>		
	Kristín Jónasdóttir		
	Sigrún Hulda Jónsdóttir		
	Unnur A. Unnsteinsdóttir		

Ekki var skipað í nefndir á starfstímabilinu því starfið hefur endurspeglast svolítið af landslaginu í þjóðfélaginu en að stórum hluta hefur fólk ekki mátt koma saman eða þá að fólk treysti sér ekki til að hittast almennt vegna þessara aðstæðna. Því hafa nefndir verið óbreyttar frá árinu 2020 en þá var skipað í endurskoðunarnefnd veiðiprófa, veiðiprófanefnd og fræðslu- og göngunefnd ásamt fulltrúa FHD innan sýninganefndar HRFÍ.

Æfingar og viðburðir

Minna fór fyrir hefðbundnum æfingagöngum á heiði þetta starfsár þó eitthvað hafi verið um það eftir að samkomutakmarkanir voru rímkaðar og eins fór ekki mikið fyrir öðru hefðbundnu félagsstarfi sökum samkomutakmarkana.

Smá gluggi til félagsstarfs opnaðist á vormánuðum og eins og starfsárið á undan fóru þá í gang sameiginlegar sóknaræfingar Fuglahundadeildar, Deildar enska setans og Vorsteh deildar sem haldnar voru yfir sumarið þar sem unnið var ýmist með sókn á landi, sókn í vatni eða spor og voru æfingar vel sóttar.

Æfingagöngur og sækiafingar yfir sumartímamann eru frábær vettvangur til að æfa hundinn sinn og fá leiðsögn ásamt því að kynna öðrum félögum í sportinu.

Sýningar

Stigahæstu hundar á sýningum 2021 – valið eftir skrá HRFÍ úr nýjum grunni.

Ættbókarnöfn.

- | | |
|-----------------------------------|---|
| 1. Tina Trading Hamilton Hitch | Hungarian Short-haired Pointer (Vizsla) |
| 2. Guzzi Da Dama Di-Ala-D'Oro | Italian Pointing Dog |
| 3. L'Angelo D'Oro Cecilia Bartoli | Italian Pointing Dog |
| 4. Neiva z Karczewskiej Zagrody | English Pointer |
| 5. Gaflara Rjúpa | Gordon Setter |

Stigahæstu ræktendur á sýningum 2021 – valið eftir skrá HRFÍ

1. Holtabergs
2. Gaflara
3. Hulduhóla

Stigahæstu hundar ársins 2021 á heiðaprófum

UF:

Hrímlands KK2 Ronja (Breton) - 3*2 einkunn = **6. stig** - STIGAHÆSTI HUNDUR UF

Móa (Breton) - 1*2 einkunn = **2. stig**

Hulduhóla Arctic Mýra (Pudelpointer) - 1*3 einkunn = **1. stig**

OF:

Almkullens Hríma (Breton) - 3*1 einkunn = **12. stig** - STIGAHÆSTI HUNDUR OF

Vatnsenda Karma (Pointer) - 3*2 einkunn = **6. stig**

Fóellu Snotra (Breton) - 1*1 einkunn & 1*2 einkunn = **6. stig**

Langlandsmoens Black Diamond (English pointer) - 2*2 einkunn = **4. stig**

Rypleyja's Klaki (Breton) - 2*2 einkunn = **4. stig**

Hrímlands KK2 Ronja (Breton) - 2*2 einkunn = **4. stig**

Erik Vom Oberland (Pudelpointer) - 1*3 einkunn & 1*3 einkunn AHL = **3. stig**

Puy Tindur De La Riviere Ouareau (Breton) - 1*2 einkunn = **2. stig**

KF (ATH tveir hundar efstir jafnir að stigum):

Almkullens Hríma (Breton) - 1. sæti = **7. stig**

Bylur (Breton) - 1. sæti = **7. stig**

Rypleyja's Klaki (Breton) - 2. sæti = **6. stig**

Stigahæstu hundar "Overall" (Allar tegundir)

Almkullens Hríma (breton) - 3*1. einkunn OF & 1. sæti KF = **16. stig** - STIGAHÆSTI HUNDUR "OVERALL"

Bylur (breton) - 1. sæti KF = **8. Stig**

Vatnsenda Karma (Pointer) - 3*2 einkunn = **6. stig**

Kaldbaks Orka (enskur setter) - 2*1 einkunn OF = **6. stig**

Rypleja's Klaki (breton) - 2. sæti KF = **6. stig**

Steinahlíðar Atlas (enskur setter) - 2*1 einkunn OF = **6. stig**

Munkefjellets Mjöll (strýhærður Vorsteh) - 3. sæti KF = **5. stig**

Fóellu Snotra (Breton) - 1. einkunn OF = **3. stig**

Veiðimela Frosti (snögghærður vorsteh) - 1. einkunn UF = **2. stig**

Hrísmóa Kaldi (enskur setter) - 1. einkunn UF = **2. stig**

Stigahæsta ræktun ársins á heiðarprófum UF Hrímlands & OF Fóellu & Vatnsenda

Hundur ársins með alhliðapróf:

Erik Vom Oberland, Pudelpointer

Stigahæstu hundar ársins 2021 á meginlandshundaprófum

UF:

Hulduhóla Arctic Mýra, Pudelp. 2.Einkun, 1. Einkunn MH-próf 313 stig, **6. stig** - STIGAHÆSTI HUNDUR UF

OF:

Edelweiss Vinarminnis Stella, Weimaraner 2.Einkunn MH-Próf 160 stig, **2. stig** - STIGAHÆSTI HUNDUR OF
Vadászfai Veca, Hungarian short-haired vizsla, 2.einkunn MH-próf 142 stig. **2. stig**

Hundar ársins í sóknarprófum

UF:

Hulduhóla Arctic Mýra, Pudelpointer 3 * 1. Einkunn= **12 stig** - STIGAHÆSTI HUNDUR UF

Hulduhóla Arctic Camo, Pudelpointer 2 * 3. Einkunn = **6 stig**

OF:

Watereatons Engel, Wire-haired Pointing Griffon Kort.s 3 * 1. Einkunn = **12stig** - STIGAHÆSTI HUNDUR OF

Sika ze Strazistských lesu, Pudelpointer 2 * 1. Einkunn = **8 stig**

Bláskjárs adams Moli Moli, Weimaraner 2 * 2. Einkunn, 2. * 3. Einkunn = **6 Stig**

Erik Vom Oberland, Pudelpointer 1 * 2. Einkunn, 1 * 1. Einkunn = **6 Stig**

Stigahæsti ræktandinn á Meginlandshundaprófum UF Hulduhóla Arctic

Stigahæsti ræktandinn á Meginlandshundaprófum OF Vinarminnis

Stigahæsti ræktandinn á Sóknarprófum UF Hulduhóla Arctic

Stigahæsti ræktandinn á Sóknarprófum OF Bláskjárs Adams

Í ár var það hundur innan Fuglahundadeildar sem var hundur ársins á heiðarprófum fuglahunda HRFÍ en það var Almkullens Hríma

Stjórn Fuglahundadeildar óskar eigendum og ræktendum til hamingju með árangurinn.

Dagskrá 2022

Þann 19.-20. mars fór fram Ellaprófið og var góð skráning í það próf. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna hjá dómara sem átti að koma til að dæma meginlandspróf 23.-24.apríl þurfti að fresta því prófi en 23. apríl var í staðin haldið heiðapróf með 10 skráningum sem tókst vel. Sóknarpróf deildarinnar fer fram samkvæmt áætlun dagana 23. - 24. júlí þar sem boðið verður upp á skráningu í hefðbundið sækipróf og meginlandshundapróf. Þar sem ekki var hægt að halda meginlandshundapróf eins og lagt var upp með núna í vor mun verða próf snemma í september á þessu ári og er stefnt að því að halda námskeið vikuna fyrir próf. Áfangafellspró verður 23. – 25. september þar sem prófað verður í öllum flokkum og stefnt á að vera einnig með alhliðapróf samhliða og að lokum verður deildin með meginlandshundapróf 15. – 16. október.

Stjórn Fuglahundadeildar vill þakka félagsmönnum, prófstjórum, dómurum, fulltrúum HRFÍ, tengiliðum, nefndarmeðlimum og öllum þeim sem koma að starfinu kærlega fyrir allt það óeigingjarna starf sem lagt hefur verið af mörkum fyrir deildina. Jafnframt vill stjórn þakka styrktaraðilum sem hafa verið okkar bakhjarlar í starfinu, en þeir eru;

Dýrheimar
DagnýOgCo
Vínnes ehf.
Framleiðandi Ólafsson gin.
Hits.is
Orion vefsmiðja

Að lokum viljum við óska öllum þeim sem náð hafa árangri með hundana sína á árinu innilega til hamingju og bjóðum nýliða hjartanlega velkomna í starfið.

Rekstrar- og efnahagsreikningur FHD

Fuglahundadeild HRFÍ (kt. 670309-0290)

Bankareikningur (0536-04-761745)

Rekstrarreikningur ársins 2021	
Tekjur ársins	Kr.
Seldur varningur / námskeið	253.930
Styrkir	176.761
Ofgreitt frá HRFÍ	-40.000
Vaxtatekjur	1.607
Samtals tekjur	392.298
Gjöld ársins	Kr.
Nethýsing og lén	61.320
Starbyssur	51.800
Verðlaunagripir	49.000
Útlagður kostnaður v/veiðiprófa	364.163
Vaxtagjöld	353
Samtals gjöld	526.636
Hagn/(tap) tímabilsins	-134.338
Endurkrafa á HRFÍ v/útlagðs kostnaðar	Kr.
Ella prófið	26.354
Sækipróf	68.093
Áfangafellspróf	224.226
MH próf	35.545
Samtals v/veiðiprófa	354.218
Hagnaður/tap tímabilsins	219.880

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Staða bankareiknings í upphafi árs 620.223

Staða bankareiknings í lok árs. 817.177

Kópavogur 25. apríl 2022

Fyrir hönd stjórnar Fuglahundadeildar

Atli Ómarsson, formaður